

Ár 2011, miðvikudaginn 8. júní, er í Félagsdómi í málinu nr. 8/2011.

Alþýðusamband Íslands f.h.
Samiðnar vegna
Fagfélagsins og
Félags málmiðnaðarmanna og f.h.
Starfsgreinasambands Íslands vegna
Einingar- Iðju
gegn
Slippnum Akureyri ehf.

kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R

Mál þetta var dómtekið 11. maí sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Valgeir Pálsson og Lára V. Júlíusdóttir.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Sætúni 1, Reykjavík, f.h. Samiðnar kt. 650593-2009, Borgartúni 30, Reykjavík vegna Fagfélagsins kt. 660269-1779, sama stað og Félags málmiðnaðarmanna, kt. 541080-0669, Skipagötu 14, Akureyri og f.h. Starfsgreinasambands Íslands, kt. 601000-3340, Sætúni 1, Reykjavík.

Stefndi er Slippurinn Akureyri ehf., kt. 511005-0940, Naustatanga 2, Aukureyri.

Dómkröfur stefnanda

Að viðurkennt verði að stefnda Slippnum Akureyri ehf. sé skylt að greiða yfirvinnukaup fyrir klukkustund vegna hádegismatarhlés um helgar í samræmi við ákvæði 3.3 í kjarasamningi Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins vegna þeirra starfsmanna Slippsins sem njóta kjara í samræmi við þann kjarasamning og í samræmi við ákvæði 15.5.5 og 15.5.6 í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins vegna þeirra starfsmanna Slippsins sem njóta kjara í samræmi við þann kjarasamning.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda

Stefndi gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða samkvæmt mati réttarins.

Málavextir

Aðilar vinnumarkaðarins, Samtök atvinnulífsins annars vegar og Samiðn, samband iðnfélaga fyrir hönd aðildarféлага í málmiðnaði, byggingariðnaði og skráðgarðyrkju og Starfsgreinasamband Íslands hins vegar, gerðu síðast kjarasamninga sem tóku gildi hinn 1. febrúar 2008. Gildistími þessara samninga var til 30. nóvember 2010. Um kjör starfsmanna stefnda Slippsins Akureyri ehf. fer samkvæmt þessum samningum eftir því hvaða störfum þeir gegna, en um er að ræða smiði, málmiðnaðarmenn og ófaglærða aðstoðarmenn þeirra. Í málinu liggja einnig frammi tveir samningar, dagsettir 26. janúar 2006, milli stefnda og annars vegar Félags málmiðnaðarmanna og Félags byggingamanna í Eyjafirði annars vegar og Einingar-Iðju stéttarfélags hins vegar. Bera bæði skjölin yfirskriftina „Vinnustaðabáttur kjarasamnings“ og segir í þeim að almennir kjarasamningar gildi með nánar tilteknum viðbótum/frávikum. Var þar samið um tiltekin frávik frá almennum kjarasamningum, m.a. um dagvinnutímabil og neysluhlé. Samkvæmt þessum samningum skyldi dagvinnutímabil vera frá 7:30-16:00 og á þeim tíma teknir tveir kaffitímar, kl. 9:30-9:50 og 15:45-16:00. Þá skyldi hádegismatur almennt vera kl. 12:00-12:30.

Óumdeilt er að stefndi hefur frá gildistöku samninganna 2006 greitt fyrir 30 mínútna matarhlé á laugardögum. Kemur fram í stefnu að stefnanda hafi fyrir um það bil ári borist upplýsingar um þessa framkvæmd og bar Anton Benjamínsson, framkvæmdastjóri stefnda, um það fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins að athugasemdir hefðu fyrst verið gerðar við stefnda um þessa framkvæmd í mars 2010. Virðist ljóst að einhver samskipti hafi átt sér stað vegna þessa og liggur fyrir að hinn 22. október 2010 ritaði lögmaður stefnda bréf til stefnanda vegna málsins þar sem ágreiningsefni aðila er lýst, þ.e. hvort stefnda beri að greiða klukkustund í matarhlé í yfirvinnu eða ekki. Í bréfinu komu og fram þau sjónarmið stefnda að vinnustaðasamningar vikju til hliðar þeim kjarasamningum sem þeir byggðu á. Í þeim vinnustaðasamningum sem hér um ræðir hefði hádegismatartími verið skilgreindur sérstaklega sem hálf tími og fyrir þann tíma væri greitt í dagvinnu og yfirvinnu. Þá var fullyrt að stefndi teldi sig á ýmsan hátt gera betur við starfsmenn sína en kjarasamningar greini t.d. með niðurgreiðslu á mat og bæri að túlkun samninga aðila með hliðsjón af því.

Með bréfi, dagsettu 26. október 2010, var þessu bréfi svarað af lögfræðingi Alþýðusambands Íslands og mótmælt sjónarmiðum og rökum stefnanda og á það bent m.a. að ekki væri heimilt að semja í vinnustaðasamningum um frávík frá lágmarksákvæðum kjarasamninga hvað varðaði greiðslu fyrir matarhlé.

Hinn 22. nóvember 2010 var skorað á stefnda að gera leiðréttingu á kjörum starfsmanna sinna, þannig að greitt yrði fyrir hádegismatarhlé á laugardögum í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Stefndi svaraði lögmanni stefnanda með bréfi, dagsettu 4. desember 2010. Þar var áréttuð sú skoðun stefnda að heimild til þess að greiða aðeins hálf tíma fyrir matartíma á laugardögum byggði á vinnustaðasamningi auk þess sem slíkt væri heimilt ef „annað og meira kæmi til“. Þá var í bréfinu greint frá því að félagið hefði ákveðið að fallast á að greiða umkrafin laun frá og með 1. janúar 2011, með því skilyrði að hlutaðeigandi verkálýðsfélög staðfestu fyrir hönd félagsmanna sinna að ekki yrði gerð krafa um greiðslur aftur í tímann og þess krafist að slík staðfesting bærist stefnda innan tveggja daga frá dagsetningu bréfsins.

Málsástæður stefnanda og lagarök:

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að kjarasamningar hafi að geyma lágmarkskjör, sem ekki sé unnt að víkja frá, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 sbr og 1. gr. laga 55/1980 um starfskjör launafólks. Í þeim kjarasamningum sem hér liggja til grundvallar hefur verið um það samið að fyrir matarhlé á laugardögum skuli greiða eina klukkustund á yfirvinnulaunum, sbr. ákvæði 3. kafla kjarasamnings SA og Samiðnar, sbr. dskj. nr. 3. Samkvæmt ákvæði 3.1 þess samnings eigi starfsmaður rétt til matarhlés í eina klukkustund á tímabilinu kl. 11:30 til 13:00 sem ekki teljist til vinnutíma. Í ákvæði 3.4 sé sérstaklega fjallað um matar- og kaffitíma í yfirvinnu, en þau hlé skuli greiðast sem vinnutími. Stefnandi byggir á því að samkvæmt þessu eigi starfsmaður rétt til einnar klukkustundar í hádegishléi þá daga sem unnið er og ef um laugardag eða helgidag sé að ræða greiðist sá tími sem vinnutími á yfirvinnukaupi. Ef unnið sé á þeim tíma reiknist tilsvarendi lengri vinnutími unninn, sbr. ákvæði 3.3.5. Með öðrum orðum beri að greiða fyrir hádegismatartímann hvort sem hann er unninn eða ekki.

Samningur Starfsgreinasambandsins og Samta atvinnulífsins hafi að geyma almennt ákvæði um hádegishlé í gr. 3.1.1 þar sem kveðið sé á um klukkustundar matarhlé. Þá sé í 15. kafla samningsins fjallað sérstaklega um almenna og sérþjálfaða byggingastarfsmenn, en um kjör þeirra félagsmanna Einingar Iðju, sem hér um ræðir, fari samkvæmt því, sbr. ákvæði vinnustaðasamnings aðila þar um til áréttingar. Í ákvæði 15.5 kjarasamningsins sé fjallað um matar- og kaffitíma en samkvæmt gr. 15.5.1 sé heimilt að stytta matartíma í dagvinnu niður í 30 mínútur en þá hefjist yfirvinna fyrr sem því nemur. Samkvæmt gr. 15.5.5 greiðist öll matar- og kaffihlé í

yfirvinnu og helgidagavinnu sem vinnutími. Ef unnið sé í þeim tíma reiknast tilsvarendi lengri tími unninn, sbr. ákvæði 15.5.7. Í samræmi við þetta byggir stefnandi á því að matarhlé í yfirvinnu skuli vera ein klukkustund og teljast til vinnutíma.

Stefnandi byggir þannig á því að samkvæmt tilgreindum kjarasamningum séu það lágmarkskjör þeirra, sem málið varðar, að fá greiddan klukkutíma í yfirvinnu fyrir matarhlé á laugardögum og helgidögum. Þá hafi þessir kjarasamningar ekki að geyma neina heimild til þess að falla frá greiðslum launa þegar matarhlé um helgar eru stytta, þvert á móti sé gert ráð fyrir því að þá sé tilsvarendi lengri vinnutími reiknaður á móti. Slík hafi raunin hins vegar ekki verið í tilviki stefnda.

Þá byggir stefnandi á því, að í þeim vinnustaðasamningum, sem gerðir voru milli aðila, hafi ekki verið samið um greiðslur fyrir neysluhlé. Stefndi hafi haldið því fram að með þeim vinnustaðasamningum hafi verið samið um að greidd skyldi hálf klukkustund fyrir matarhlé um helgar. Það hafi hins vegar verið „klaufaskapur“ af hálfu þeirra að taka það ekki skýrt fram í þeim samningum, en þar sé aðeins tekið fram hver matartíminn sé. Þá telji stefndi slíkt heimilt svo fremi annað og meira komi til.

Þessu mótmælir stefnandi sem röngu og ósönnuðu. Í fyrsta lagi vegna þess að um þetta hafi aldrei verið samið. Hvergi sé í þessum samningum minnst á greiðslur fyrir matartíma í yfirvinnu, né breytingar á greiðslum fyrir unna matartíma eða truflaða matartíma. Í samningunum sé aðeins að finna ákvæði um það, hvenær hádegismatartími skuli tekinn en heimilt sé að hnika því til. Fullyrðingar stefnda hvað þetta varðar eigi sér því enga stoð í þessum samningum.

Vinnustaðasamninga beri að túlka samkvæmt orðanna hljóðan eins og kjarasamninga endranær og því sé að mati stefnanda ómögulegt að skilja efni tilgreindra vinnustaðasamninga um styttingu hádegismatartíma með þeim hætti sem stefndi kjósi. Hér verði því að líta til efnis kjarasamninga aðila um þetta efni, þ.e. ákvæða um greiðslur fyrir hádegismatarhlé í yfirvinnu sem áður hafi verið reifað.

Þá byggir stefnandi og á því að í kjarasamningum aðila sé sérstaklega samið um það hvaða frávik sé heimilt að semja um á formi vinnustaðasamnings, það er í 5. kafla beggja kjarasamninganna. Þessi atriði séu tilgreind í ákvæði 5.7 kjarasamnings Samiðnar og ákvæði 5.5 í kjarasamningi SGS. Þau ákvæði séu nokkuð efnislega samhljóða þó heimildir séu heldur rýmri í samningi Samiðnar en SGS. Í báðum tilvikum sé heimilt að semja um annað fyrirkomulag neysluhléa. Í hvorugu tilviki sé hins vegar veitt heimild til þess að falla frá greiðslum fyrir matarhlé í yfirvinnu. Stefnandi byggir því á því að samningur um slíkt fengist ekki staðist, enda hefði hann aldrei verið samþykktur af hálfu stéttarféлага, sem hlut eiga að máli, en vinnustaðasamningar af þessu tagi séu háðir samþykki þeirra.

Hvað varðar fullyrðingar stefnda þess efnis að starfsmenn hans væru betur settir heildstætt metið þrátt fyrir að þeir nytu ekki hinnar umþrættu greiðslu, sé því enn fremur mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Í fyrsta lagi hafi slíkt mat verið unnið í tengslum við gerð vinnustaðasamninganna en þá hafi af hálfu stefnanda verið gert ráð fyrri greiðslu þessari þannig að af sjálfu leiði að slík fullyrðing fái ekki staðist. Þá er og á því byggt að þó svo væri, sem engar sönnur liggja þó fyrir um, að stefndi greiði starfsmönnum sínum eitthvað hærri laun en lágmarkstaxtar segja til um eða geri á einhvern hátt vel við starfsmenn í öðru efni, veiti það honum ekki heimild til þess að skerða rétt starfsmanna til launa í þessu tilviki sem kjarasamningar skilgreini sérstaklega sem lágmarkskjör og sem óheimilt sé að víkja frá undir vinnustaðapætti kjarasamninga. Væri slíkt heimilt yrðu lágmarkskjör- og réttindi þeirra starfsmanna sem þeirra eiga að njóta á grundvelli laga nr. 80/1938 og nr. 55/1980 gerð innihaldslaus en slíkt væri andstætt umsömdu skipulagi á íslenskum vinnumarkaði og markmiðum fyrrgreindra laga.

Stefnandi sé ekki aðili að Samtökum atvinnulífsins og sé stefna þessa því birt fyrir fyrirvarsmanni stefnda, sbr. 45. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi byggir málsókn sína á tilgreindum ákvæðum laga nr. 80/1938 auk laga nr. 55/1980 um lágmarkskjör og ógildi lakari kjara. Um dómssvald Félagsdóms vísast til 44. gr. og 45. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi byggir á því að þeir samningar, sem stefnandi byggir á, séu sérkjarasamningar sem taki til starfsmanna hans sérstaklega sem séu félagsmenn í þeim félögum sem gerðu þessa kjarasamninga. Í 5. og 6. gr. laga nr. 80/1938 sé ákvæði um hverjir geti verið aðilar að kjarasamningi. Ljóst sé að samningar eins og þeir, sem liggja frammi í málinu sem dómskjöl nr. 5 og 6, séu gerðir af stéttarfélögum annars vegar og atvinnurekanda hins vegar og því beri að líta á þá sem kjarasamninga. Þetta séu samsamningar sem taki eingöngu til kjara hjá stefnda og því beri að túlka þá sem slíka.

Þar sem framangreindir samningar teljist vera kjarasamningar verði 7. gr. laga nr. 80/1938 eða 1. gr. laga nr. 55/1980 ekki beitt þannig að ákvæðið í kjarasamningum sem aðilar gerðu um 30 mínútna matahlé verði ógilt.

Stefnandi byggir á því að óheimilt hafi verið að semja um að matarhlé um helgar ætti að vera 30 mínútur og vísi til þess að í 5. kafla framlagðra aðalkjarasamninga sé að finna ákvæði sem takmarki rétt stéttarfélaga til að gera

sérkjarasamninga eins og þá sem um er deilt í þessu máli. Stefndi fallist ekki á þessa túlkun stefnanda á 5. kafla kjarasamninganna. Samkvæmt framlögðum samningi milli SA og Samiðnar beri 5. kafli samningsins fyrirsögnina „Fyrirtækjasamningar“. Í grein 5.1 sé það hugtak skýrt en þar segi að átt sé við samninga á milli starfsmanna og fyrirtækis. Ákvæðin í 5. kafla aðalkjarasamningsins á dskj. nr. 3 takmarka ekki rétt stéttarféлага og atvinnurekenda til að gera kjarasamninga til viðbótar almennum kjarasamningum. Ákvæðið eigi aðeins við um samninga sem starfsmenn geri við atvinnurekendur.

Samkvæmt framlögðum kjarasamningi á milli SA og Starfsgreinasambands Íslands beri 5. kafli yfirskriftina „Fyrirtækjapáttur kjarasamninga“. Í grein 5.5 komi fram að með þessu hugtaki sé átt við samning milli starfsmanna og fyrirtækis. Það sýnist því rétt að líta svo á að réttindi stéttarféлага og atvinnurekenda séu ekki skert með 5. kafla almenna kjarasamningsins til að gera sérkjarasamninga enda engin slík ákvæði í lögum nr. 80/1938.

Í báðum aðalkjarasamningunum séu ákvæði um gildistöku fyrirtækjasamninga, í 1. mgr. gr. 5.9 og 1. mgr. gr. 5.7 þar sem segi að ef ekki komi til athugasemdir frá stéttarfélagum innan fjögurra vikna frá því að samningur var kynntur þá teljist hann samþykktur. Það sé ljóst að viðkomandi stéttarfélag vissu um efni samningsins 26. janúar 2006, því þau hafi undirritað hann. Hafi því samningurinn fullt gildi þótt ekki væri fallist á að um væri að ræða kjarasamning sem 5. kafli almennu kjarasamninganna eiga ekki við um eins og áður er rakið.

Þá verður að geta þess að í f. lið ákvæðis 5.5 í báðum almennu kjarasamningunum er heimild til að semja um annað fyrirkomulag neysluhlúa en greinir í almennu kjarasamningunum.

Í kjarasamningunum á dskj. nr. 5 og 6 segi að „almennt sé hádegismatur frá kl. 12-12:30“. Ákvæðið sé mjög skýrt og ótvírætt um að matarhlé sé 30 mínútur. Eins og áður segi, hafi þetta ákvæði verið framkvæmt þannig að á laugardögum hefur verið greitt fyrir 30 mínútur vegna matarhlés og hafi sú framkvæmd staðið óslitið frá því að samningarnir voru undirritaðir. Slippstöðin hf., forveri stefnda, hafi orðið gjaldþrota á árinu 2005. Stefndi hafi verið stofnaður í október 2005 um það leyti sem samið var við skiptastjóra þb. Slippstöðvarinnar hf. um kaup á hluta eigna þrotabúsins. Forsvarsmenn stefnda hefðu enga reynslu haft af gerð kjarasamninga en forsvarsmenn stéttarfélaganna, sem önnuðust gerð kjarasamninganna, hefðu búið yfir mikilli reynslu, þannig að ef litið verði svo á að framangreint ákvæði í kjarasamningunum sé óljóst, verði að túlka þau með þetta í huga. Stefndi telji, að það ákvæði sem um er deilt sé mjög skýrt eins og áður segi. Samið hafi verið um 30 mínútur í matarhlé, þar með á laugardögum, enda ekki kveðið á um það í almennum kjarasamningum hvað matarhlé á laugardögum skyldi vera langt. Aðilum hafi verið heimilt að semja um

þetta fyrirkomulag, enda um þetta gerður kjarasamningur. Sá samningur verði ekki ógiltur með vísan til 1. gr. laga nr. 55/1980 eða 7. gr. laga nr. 80/1938. Um hafi verið að ræða gilda kjarasamninga þannig að útilokað sé að halda því fram að samið hafi verið um kjör sem séu andstæð 1. gr. laga nr. 55/1980.

Í 7. gr. laga nr. 80/1938 segi, að samningar einstakra verkamanna séu ógildir að svo miklu leyti sem þeir fari í bága við samninga stéttarfélaga við atvinnurekendur, enda hafi félagið ekki samþykkt þá. Það liggi í augum uppi að kjarasamningarnir sem um er deilt í málinu verði ekki ógildir með vísan til þessa ákvæðis. Verði ekki fallist á að um kjarasamninga sé að ræða, verði að byggja á því að stéttarfélögin hafi samþykkt þá með því að hafast ekkert að fyrr en raun ber vitni og þar með hafi samningarnir stöðu kjarasamninga.

Stefnandi virðist byggja á því þar sem matartími í dagvinnu sé ein klukkustund þá gildi það sama í hádegismatarhlé á laugardögum þó að ekki sé um það ákvæði í kjarasamningum. Eins og áður segi, byggji stefndi hins vegar á því að hann hafi samið sérstaklega um það að hádegismatartími skuli vera 30 mínútur og byggji á því að hvorki ákvæði í lögum eða kjarasamningum takmarki samningsfrelsi á þessu sviði. Stefndi telji að það sé ekki hægt að beita ákvæðinu í grein 3.1. þannig að það felli úr gildi skýr ákvæði í sérkjarasamningi. Það segi ótvírætt í grein 3.1. að matarhlé í dagvinnu teljist ekki til vinnutíma, en ef litið sé til ákvæðis greinar 3.3.4. komi í ljós að þar sé mælt fyrir um að matar- og kaffihlé í yfirvinnu greiðist sem vinnutími. Þarna sé allur munur á því að annars vegar sé um matarhlé í dagvinnu að ræða, sem ekki beri að greiða fyrir, og hins vegar matarhlé í yfirvinnu, sem beri að greiða fyrir. Sé því ekki hægt að álykta sem svo að matarhlé í hádegis á laugardögum skuli vera það sama og í dagvinnu og að það beri að greiða fyrir það. Stefndi telji að það verði að líta til ákvæða í 3. kafla kjarasamningsins í heild og sé þá að vísa til þess að í grein 3.3.1. séu skýr ákvæði um kvöldmatarhlé sem sé ein klukkustund en ekkert sambærilegt ákvæði sé að finna um matarhlé á laugardögum. Það sé því ekki að finna ákvæði um það í almenna kjarasamningnum hversu langt hádegishlé skuli vera á laugardögum. Á sviði vinnuréttar ríki samningsfrelsi sem takmarkist af 1. gr. laga nr. 55/1980 og 7. gr. laga nr. 38/1938. Þessi ákvæði eigi ekki við í þessu tilviki eins og áður hafi verið rakið. Aðilum hafi því verið frjálst að semja um að hádegismatarhlé á laugardögum skyldi vera 30 mínútur og því beri stefnda að greiða fyrir 30 mínútur.

Í kjarasamningi SA og Starfsgreinasambands Íslands séu sambærileg ákvæði og í fyrrnefndum kjarasamningi, sbr. greinar 3.1.1. og 3.2. Hins vegar sé að finna ákvæði í grein 3.3.2. þar sem segi að hádegismatartími í yfirvinnu reiknist ekki sem vinnutími. Stefndi telji að þessi ákvæði styðji enn frekar þá málástæðu hans að heimilt hafi verið að semja um 30 mínútur í matarhlé á laugardögum og greiða í samræmi við það. Sérákvæði í kjarasamningnum um sérþjálfaða byggingastarfsmenn

sbr. 15. kafla breyti ekki þeirri meginreglu sem sé að finna í ákvæði 3.3.2. Ekki sé að finna ákvæði í 15. kafla um það hversu langt matarhlé skuli vera. Þá verði að ítreka að skýrum ákvæðum í sérkjarasamningum verði ekki vikið til hliðar með vísan til framangreindra ákvæða í almennum kjarasamningunum, enda séu engin ákvæði í almennum kjarasamningunum um lengd matarhlés á laugardögum. Við túlkun sé rétt að líta til þess að aðilar sömdu um það fyrir félagsmenn Einingar-Iðju, að þeir njóta þeirra réttinda samkvæmt kjarasamningnum að þeir fá greitt fyrir hádegismatarhlé á laugardögum, sem þeir hafi ekki átt rétt á samkvæmt almenna kjarasamningnum.

Í málinu sé óumdeilt að stefndi sé ekki aðili að Samtökum atvinnulífsins og hafi hann því ekki gengist undir þær skyldur sem framangreindir almennir kjarasamningar kveði á um. Hann hafi gert sérstakan kjarasamning sem gildi fyrir starfsmenn hans og það beri að leggja þann kjarasamning til grundvallar við úrlausn málsins um þau atriðið sem hann tekur til. Stefndi leggi á það áherslu að þeir kjarasamningar sem hann gerði séu skýrir um það hversu langt matarhlé skuli vera. Stefnandi haldi því fram að ekki sé tekið á því í sérkjarasamningunum hvernig eigi að greiða fyrir hádegismatarhlé á laugardögum. Stefndi telji þetta rangt og vísi til fjögurra ára framkvæmdar. Þá bendi hann á að í almennum kjarasamningum sem stefnandi vísi til sé ekki að finna ákvæði um lengd matarhlés á laugardögum. Stefndi telji því að það verði að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að aðilar hafi samið um að matarhlé á laugardögum skuli vera 30 mínútur og hafi stefndi að sjálfsögðu greitt fyrir matarhléið í samræmi við samningana. Sé vafi um túlkun kjarasamninganna beri að túlka hann stefnda í vil, því að reynsluleysi við gerð kjarasamninga hafi verið algjört hjá honum. Loks beri að leggja á það áherslu að trúnaðarmenn starfsmanna hafi aldrei gert athugasemdir við framkvæmd á greiðslum fyrir matarhlé á laugardögum, sem sýni hvaða skilningur var ríkjandi.

Stefndi hefur lagt fram skjal sem sýni samanburð sem hann gerði á launum sem hann annars vegar greiðir ófaglærðum starfsmönnum sínum og iðnaðarmönnum. Þessi samanburður leiði í ljós að kjör starfsmanna stefnda séu betri en ef þeir fengju eingöngu greidd laun samkvæmt gildandi kjarasamningum. Í þessum samanburði sé gert ráð fyrir að starfsmenn fái greitt fyrir klukkustund í matarhléum á laugardögum. Inn í þessum útreikningum sé ekki atriði sem tvímælalaust hafi áhrif á kjör starfsmanns, t.d. niðurgreiðsla á mat o.fl. sem getið sé í framlögðu skjali. Í sérkjarasamningunum sé þannig samið um betri heildakjör starfsmanna stefnda en samkvæmt almennum kjarasamningunum og því sé mjög langsótt að byggja á því að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum almennum kjarasamninganna með sérkjarasamningunum.

Þó að dómurinn kæmist að því að það bæri að greiða fyrir klukkustundarlangt matarhlé á laugardögum verði það ekki talið brot á almennum kjarasamningum að

greiða fyrir 30 mínútur eins og stefndi gangi út frá. Kjörin verði að meta í heil en ekki sé hægt að taka einn þátt út úr eins og stefnandi geri. Þetta hafi í för með sér að þegar um yfirborganir sé að ræða eins og í þessu tilviki, sé samningsfrelsi aðila ekki takmarkað. Það sé komið út fyrir þær takmarkanir sem lagðar séu á samningsfrelsi manna með almennu kjarasamningunum og lögum. Því sýnist varla hægt að komast að þeirri niðurstöðu að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum almennu kjarasamninganna.

Stefndi vísar til þess að stéttarfélög hafi gert kjarasamninga við stefnda í janúar 2006 en þessir sérkjarasamningar hafi væntanlega haft það að markmiði að bæta kjör þeirra hópa sem þeir tóku til. Fyrir liggi að sú varð raunin. Það sé því með nokkrum ólíkindum að byggja nú á því að athugasemdalaus framkvæmd í tæp fjögur ár fari í bága við almenna kjarasamninga.

Niðurstaða

Ágreiningur máls þessa stendur um það, hvort stefnda sé skylt að greiða yfirvinnukaup fyrir klukkustund vegna hádegismatarhlés um helgar í samræmi við tilgreind kjarasamningsákvæði, annars vegar í kjarasamningi Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins vegna þeirra starfsmanna Slippsins sem njóta kjara í samræmi við þann kjarasamning og hins vegar í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins vegna þeirra starfsmanna Slippsins sem njóta kjara í samræmi við þann kjarasamning.

Í samningi Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar-sambands iðnfélaga f.h. aðildarféлага í málmiðnaði, byggingariðnaði og skróðgarðyrkju eru m.a. ákvæði um matar- og kaffitíma í 3. kafla. Í grein 3.1. er fjallað um matar- og kaffitíma í dagvinnu og þar kemur fram að hádegismatartími sé ein klukkustund á tímabilinu frá kl. 11:30 til kl. 13:30 og teljist hann ekki til vinnutíma. Í grein 3.4. eru ákvæði um matar- og kaffitíma í yfirvinnu og þar segir að öll matar- og kaffihlé í yfirvinnu og helgidagavinnu skuli greiðast sem vinnutími. Þá segir jafnframt að ef unnið sé í matar- eða kaffitíma í yfirvinnu reiknist tilsvarendi lengri tími unninn. Loks eru ákvæði um það, að taka beri kvöldmatarhlé kl. 19:00 til 20:00 þegar unnin er yfirvinna og að matartími að nóttu skuli vera kl. 02:00 til kl. 03:00.

Í samningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands er m.a. fjallað um matar- og kaffitíma í 3. kafla. Þar segir í grein 3.1. sem fjallar um matar- og kaffitíma á dagvinnutímabili, að starfsmenn eigi rétt á matarhléi, eina klukkustund á tímabilinu frá kl. 11:30 til kl. 13:30 og teljist hann ekki vera vinnutími. Í 15. kafla samningsins er fjallað sérstaklega um kjör almennra og sérþjálfaðra byggingarstarfsmanna, sem óumdeilt er að eigi við um kjör þeirra félagsmanna Einingar Iðju, sem hér um ræðir. Samkvæmt grein 15.5.1. skal matartími í dagvinnu tekinn á tímabilinu kl. 11:30 til kl. 13:30 og er heimilt að stytta þennan tíma niður í 30

mínútur og skal þá yfirvinna hefjast fyrr sem því nemur. Þá segir í grein 15.5.5. að öll matar- og kaffihlé í yfirvinnu og helgidagavinnu skuli greiðast sem vinnutími. Um hádegisverð eru síðan sérstök ákvæði í greinum 15.6.1. og 15.6.2. þar sem segir að starfsmönnum skuli, eftir því sem aðstæður leyfa, séð fyrir hádegismat á vinnustað og að ef starfsmaður sé sendur til vinnu utan byggðamarka og/eða vinni fram yfir kl. 20, án þess að taka matarhlé, skuli þeir hafa frítt fæði eða fæðispeninga.

Af framanrituðu er ljóst að ekki er í umræddum kjarasamningum sérstaklega mælt fyrir um það hversu langt matarhlé á laugardögum á að vera í yfirvinnu, heldur er aðeins tekið fram að fyrir það skuli greitt en hins vegar mæla ákvæði þeirra fyrir um klukkutíma hádegishlé á virkum dögum.

Í málinu liggja einnig frammi tveir samningar sem bera heitið „Vinnustaðabáttur kjarasamnings“ og dagsettir eru 26. janúar 2006. Eru þeir undirritaðir af Antoni Benjamínssyni, framkvæmdastjóra stefnda, fyrir hönd stefnda, og annars vegar af formönnum Félags málmiðnaðarmanna og Félags byggingarmanna í Eyjafirði og hins vegar af formanni Einingar-Iðju. Þar segir að almennt sé hádegismatur frá kl. 12:00 til 12:30 en að samkvæmt kjarasamningum megi hnika því til. Um gildi þessara samninga kvað Anton Benjamínsson, framkvæmdastjóri stefnda, í skýrslu sinni hér fyrir dóminum að þeir væru kjarasamningar til viðbótar aðalkjarasamningum og hefði það verið sameiginlegur skilningur málsaðila að samningarnir jafngiltu kjarasamningum. Virðist það óumdeilt í málinu. Þá kvað Anton engar athugasemdir vegna ákvæðis samninganna um hálf tíma matarhlés hafa borist stefnda fyrr en í mars 2010 þegar unnið hafði verið eftir þessum samningum í rúm fjögur ár. Er það einnig óumdeilt. Þykir því stefndi hafa sýnt fram á að sú túlkun hans á framangreindum kjarasamningum að greiða beri yfirvinnukaup fyrir hálfa klukkustund vegna hádegismatarhlés um helgar hafi verið með þessum hætti í fjögur ár og hafi verið athugasemdalaus af hálfu stefnanda allan þann tíma. Með vísan til þeirrar venju, sem komin er á varðandi þessa framkvæmd og er frekast til skýringar og fyllingar á kjarasamningsákvæðum, en gengur ekki gegn þeim, verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefnanda gert að greiða stefnda 300.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Slippurinn Akureyri ehf., er sýkn af kröfum stefnanda Alþýðusambands Íslands f.h. Samiðnar vegna Fagfélagsins og Félags málmiðnaðarmanna og f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Einingar- Iðju í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Gylfi Knudsen

Kristjana Jónsdóttir

Valgeir Pálsson

Lára V. Júlíusdóttir